

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT **REYKJAVÍK**

Áfangastaðurinn Gamla höfnin og Grandinn

September 2025

EMH
HW
RÁÐGJÖF

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.
Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka
gjaldeyristekjur með sjálfbærni að leiðarljósi.

VISIT
REYKJAVÍK

Við vinnum undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi

Helstu verkefni

- **Efla vitund og þekkingu** um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- **Þróa, móta og efla samstarf** og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- **Efla samkeppnishæfni og slagkraft** áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- **Stuðla að sátt** íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- **Styrkja stoðir og uppbyggingu** ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera **málsvari og samnefnari** fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

Framtíðarsýnin fyrir áfangastaðinn

sem við viljum vera þekkt fyrir



Leiðandi í sjálfbærni

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Staður til að hægja á

Samfélag lífsgæða

Gestrisni



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Áfangastaðir og ferðapjónustukjarnar



Ferðapjónustukjarnar


Verkefnið um áfangastaðinn Gamla höfnin og Grandinn sem hér er kynnt er hluti af stærra verkefni um ferðapjónustukjarna á höfuðborgarsvæðinu.

Markaðsstofan hefur verið að vinna greiningu á ferðapjónustukjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Ferðapjónustukjarni er afmarkað svæði sem ferðamenn vilja heimsækja. Hver ferðapjónustukjarni samanstendur af nokkrum stöðum sem bjóða uppá ólíka upplifun fyrir ferðamenn en sem saman mynda eitt svæði með aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Ferðapjónustukjarnar

Þróun og kortlagning ferðapjónustukjarna nýtist í vörupróun og markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu.

Það er grundvöllur fyrir betri upplifun, dreifingu gesta, lengri dvöl og sjálfbærni áfangastaðarins í takt við stefnu áfangastaðarins.



Ferðapjónustukjarnar

Haldnar voru vinnustofur með aðildarfélögum Markaðsstofunnar í nóvember og desember 2024 til að kortleggja ferðapjónustukjarna. Fyrir hvern kjarna var unnin stutt greining á aðráttarafli, markhópi og aðgengi. Vinnan skilaði kortlagningu og greiningu á fjórtán ferðapjónustukjörnum á höfuðborgarsvæðinu. Nánar um greiningu og samantekt á ferðapjónustukjörnunum má lesa [hér](#).

Næstu skref verkefnisins um ferðapjónustukjarna eru hagaðilasamtöl í hverjum kjarna. Svæðisbundin hagaðilasamtöl skila enn dýpri greiningu á hverjum ferðapjónustukjarna og veita innsýn í tækifæri og áskoranir hverju sinni.

Kort af ferðapjónustukjörnum



- 1 Esja og Kjalarnes
- 2 Mosfellsbær og Mosfellsdalur
- 3 Seltjarnarnes og Gróttu
- 4 Gamla höfnin og Grandinn
- 5 Viðey
- 6 Miðborg Reykjavíkur
- 7 Laugardalur
- 8 Öskjuhlíð
- 9 Elliðaárdalur
- 10 Kópavogur
- 11 Garðabær
- 12 Hafnarfjörður
- 13 Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið
- 14 Seltún og Krýsuvík


Gamla höfnin, Grandinn og Viðey

Gamla höfnin, Grandinn og Viðey eru svæði sem hafa sterk tengsl sín á milli. Í fyrstu drögum að kortlagningu ferðapjónustukjarna var gert ráð fyrir því að Gamla höfnin og Viðey væru einn ferðapjónustukjarni en að Grandinn væri sér kjarni. Á vinnustofunum sem haldnar voru haustið 2024 kom hins vegar fram að Gamla höfnin og Grandinn ættu órjúfanleg þematengd og landfræðileg tengsl og því var ákveðið að vinna þessi tvö svæði saman sem einn ferðapjónustukjarna. Eftir stóð að taka ákvörðun um hvort Viðey ætti að vera hluti af Gömlu höfninni og Grandanum.

Hér á eftir er gert grein fyrir hagaðilasamtali um áfangastaðinn Gamla höfnin og Grandinn sem fór fram vorið 2025. Hluti af því hagaðilasamtali var að komast að skýrri niðurstöðu um afmörkun áfangastaðarins. Á vinnustofu um áfangastaðinn voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til þess hvort að Gamla höfnin, Grandinn og Viðey ættu að vera skilgreind sem einn ferðapjónustukjarni. Niðurstaðan staðfesti að skilgreina eigi Gömlu höfnina og Grandann sem einn ferðapjónustukjarna, en að Viðey ætti að vera sér kjarni. Ferðapjónustukjarninn sem fjallað er um í þessari skýrslu fékk því nafnið Gamla höfnin og Grandinn og mun síðar vera gert sambærilegt verkefni fyrir Viðey.

Hver er þín skoðun á því að skilgreina Grandann og Gömlu höfnina ásamt Viðey sem einn ferðapjónustukjarna?

Niðurstöður úr hagaðilasamtali þar sem spurt var um afmörkun á ferðapjónustukjarnanum



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS


Um verkefnið



Gamla höfnin og Grandinn

Gamla höfnin og Grandinn er einstakt svæði í Reykjavík sem sameinar sögulega sjávartengda arfleið og lifandi nútíma menningu. Svæðið hefur þróast úr iðnaðarsvæði yfir í fjölbreyttan áfangastað sem laðar að bæði heimamenn og erlenda ferðamenn. Hér blandast saman fjölbreytt þjónusta, menningarviðburðir, einstök söfn, afþreying, verslun og frábærir veitingastaðir, sem skapa lifandi og heillandi svæði.

Svæðið er í stöðugri þróun, en jafnframt er haldið í sögulegan anda þess. Gamlir iðnaðar- og hafnarskálar hafa verið endurnýttir og fengið nýtt hlutverk sem listasöfn, matarmarkaðir, kaffihús og verslanir. Íslenskur sjávarútvegur og tengsl borgarinnar við hafið eru dregin fram í safnaheimsóknum, hvalaskoðunarferðum og upplifunum sem tengjast hafinu. Gamla höfnin og Grandinn eru því bæði gluggi inn í fortíðina og spegilmynd af skapandi og fjölbreyttu borgarlífi nútímans. Nánar um ferðaþjónustukjarnann má lesa [hér](#).



Áfangastaðurinn Gamla höfnin og Grandinn

Markmið með verkefninu er að skoða möguleika að efla Gömlu höfnina og Grandann sem áfangastað fyrir ferðamenn.

Horft er til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og skapa jákvæða og eftirminnilega upplifun fyrir gesti.

Jákvæð áhrif á
samfélagið og aukin
lífsgæði

Jákvæð og
eftirminnileg upplifun
ferðamanna

Fagmennska og gæði

Öryggi

Sjálfbærni

Verkefnaskref



STÖÐUMAT

- Tímalína
- Myndun verkefnahóps
- Greining á hagaðilum
- Heimsókn á svæðið og stöðumat



GREINING

- Hagaðilasamtal: Vinnustofa með völdum aðilum



FRAMTÍÐ

- Unnið úr niðurstöðum greiningar
- Drög að hugmyndum



AÐGERÐAÁÆTLUN

- Kynning á hugmyndum og framtíðarsýn



INNLEIÐING

- Tenging og kynning á hugmyndum / verkefnum til helstu hagaðila.
- Næstu skref

Verkefnahópur

Myndaður var verkefnahópur sem hafði það hlutverk að móta verkefnið og greina hagaðila. Í verkefnahópi sátu:

- Ásta María Marínósdóttir, Gamla höfnin / Special Tours
- Ragnhildur Ágústsdóttir, Grandasamtök / Lava Show
- Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir, Grandasamtök / FlyOver Iceland
- Ólafur Melsted, Faxaflóahafnir
- Sigurður Jökull Ólafsson, Faxaflóahafnir
- Kamma Thordarson, Reykjavíkurborg
- Salóme Rósa Þorkelsdóttir, Reykjavíkurborg


Fyrir hönd Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins sat Margrét Wendt í verkefnahópi.

Verkefnið var jafnframt unnið í samstarfi við Maríu Hjálmarsdóttur frá MH ráðgjöf.

Hagaðilasmatal

Árangur áfangastaðapróunar er mjög háður þeim hagsmunaaðilum sem taka þátt í ferlinu þar sem þeir upplifa eignarhlut í útkomunni. Það myndast sameiginlegur skilningur á forsendum framtíðarsýnar og samræmdum aðgerðum og framkvæmdum.

Verkefnahópurinn vann hagaðilagreiningu og útfra greiningunni var boðið á vinnustofu.



Hagaðilagreining fyrir verkefnið

- Ægir Brugghús
- Aurora Reykjavík (Grétar Jónsson)
- Berjaya Reykjavík Marina Hotel og Slippbarinn (Arndís A. Reynisdóttir)
- Blue Car Rental (Þorsteinn Þorsteinsson / Ari Jafetsson)
- Center Hotels (Sigríður Helga Stefánsdóttir)
- City Walk Reykjavík (Marteinn Briem)
- Elding hvalaskoðun (Ásbjörn Jónsson)
- Exeter Hotel og LeKock (Anna Sigurðardóttir)
- Expedia (Hólmfríður D. Jónsdóttir)
- Faxaflóahafnir (Sigurður Jökull Ólafsson / Ólafur Melsted)
- Flatey Pizza
- FlyOver Iceland (Svanlaug R. Ásgeirsdóttir)
- Forréttabarin
- GJ Travel (Sif Helgadóttir)
- Gray Line Iceland (Arnar S. Þorsteinsson / Árný Bergsdóttir)
- Hamborgarabúllan (Kári Sturluson / Örn Hreinsson)
- Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús (Ásta Ólafsdóttir)
- Hið Íslenska Reðasafn (Þórður O. Þórðarson)
- Himalayan Spice
- Höfnin (Brynjar Eymundsson)
- Icelandia (Inga D. Richter / Andri Kristjánsson)
- Iceland Travel (Emma Kjartansdóttir / Þórunn Bjarnadóttir)
- Íbúasamtök miðbæjarins (Sigrún Tryggvadóttir)
- Íbúasamtök Vesturbæjar (Martin Swift)
- Kaffivagninn (Axel Óskarsson)
- Kopar
- Lamb Street Food
- Lava Show (Ragnhildur Ágústsdóttir / Jón Ragnheiðarson)
- Listasafn Reykjavíkur (Natalía Druzin Halldórsdóttir)
- Marshallhúsið
- Matur og drykkur
- Miðborgin Reykjavík (Róbert A. Magnússon)
- MIR - Menningarborgin Reykjavík (Arnfríður Valdimarsdóttir)
- MÍR - Útlífisborgin (Atli Steinn Árnason)
- Omnom
- OTO / Hygge (Karl Viggó)
- Plan B Burger
- Primavera
- Reginn - Hafnartorg (Pétur R. Heimisson / Sandra Arnardóttir)
- Reykjavík Fish restaurant
- Reykjavíkurborg (Kamma Thordarson / Salóme Rósa Þorkelsdóttir)
- Sægreifinn
- SAF - Samtök ferðaþjónustunnar (Ágúst Elvar Bjarnason)
- SBB - Miðborgarsamtök (Jón H. Jónasson)
- Sjávarklasi / Grandi Mathöll (Þór Sigfússon / Alexandra Leeper / Júlía Helgadóttir)
- Sjómannadagsráð (Ariel Pétursson / Kristján Schram)
- Sjómannadagsráð / Brim (Sveinn Margeirsson)
- Sjóminjasafn í Reykjavík (Guðrún Helga Stefánsdóttir / Guðbrandur Benediktsson)
- Skrifstofa Borgarstjóra og Borgarritara, samskiptateymi (Eva Bergþóra Guðbergisdóttir)
- Sögusafnið ehf. (Kolbrún Lilja Kolbrinsdóttir)
- Special Tours og Röst (Ásta María Marinósdóttir)
- Strætó bs (Markús Vilhjálmsson)
- The Reykjavík Edition og Tides (Katrín Sigurðardóttir / Barry Ward)
- Valdís
- Viet Noodles
- Whale Safari (Rannveig Grétarsdóttir)
- Whales of Iceland (Þóra Matthildur Þórðardóttir)
- Your Friend in Reykjavík (Valur Heiðar Sævarsson)

Greining á svæðinu

- Áfangastaðurinn í myndum
- Skipulag, verkefni og áætlanir fyrir svæðið
- Sýnileiki áfangastaðarins á netinu og upplifun ferðamanna




Áfangastaðurinn í myndum





Þetta eru
aparnir


Hér sjáist þú mynd
af Afríkuópunum,
sem verða á dýrasýn-
ingunni í Örtirsey,
sem væntanlega verð-
ur opnuð næstkom-
andi sunnudag.











Skipulag, verkefni og áætlanir fyrir svæðið



Skipulagssvæði


Vesturhöfn (Örfirisey)



Slippa- og Ellingsenreitur



Miðbakki, Austurhöfn




Fyrirhuguð uppbygging

Grandagarður

Við Alliance reitinn er gert ráð fyrir hótelluppbyggingu

Slippa- og Ellingsenreitur

Hér er gert ráð fyrir blandaðri byggð



Helstu verkefni og áætlanir svæðisins

Í gegnum árin hafa verið unnin fjölmörg verkefni og áætlanir um svæðið. Hér er samantekt á helstu verkefnunum.

2009

Hugmyndasamkeppni um Gömlu höfnina

- Skipulögð af Faxaflóahöfnum og Reykjavíkurborg til að móta **framtidarsýn** fyrir svæðið.
- Vinningshugmynd Graeme Massie Architects lagði grunn að **blandaðri byggð með atvinnustarfsemi**, ferðapjónustu og menningu.

2012

Rammaskipulag fyrir svæðið

- Svæðið skipt í Vesturbugt, Suðurbugt, Miðbakka og Austurbakka með **áherslu á gott aðgengi og fjölbreytta starfsemi**.
- Lögð áhersla á **göngu- og hjólastíga**, aukin græn svæði og bætt skipulag.

2015

Deild 8: Rekstraraðilar Gömlu hafnarinnar og Granda sameinast

- **Markmið:** Að efla svæðið, merkja það, kynna og gera það að sjálfsögðum viðkomustað þeirra sem koma í miðborgina.

2015-2017

Branding vinna fyrir Grandann

- **Grandi Harbor District** vörumerkið þróað með skýrri stefnu.
- Dæmi frá öðrum stöðum skoðuð t.d. **Meatpacking District** í New York og Fisherman's Wharf í San Francisco.
- **Lógó og litapalletta** unnin út frá hafnararfi, sjómennsku og iðnaðarsögu svæðisins.
- **Markaðsherferð** og samstarf við fyrirtæki planað.

2016

Frumdrög um umferðarmál og þróun svæðisins

- Yrki arkitektar unnu rýmisathugun á svæðinu.
- Hugmyndir um **Hafnarhringinn**, merktri gönguleið meðfram höfninni, og betri tengingu við miðborgina.
- Lagt til að **bæta aðgengi gangandi vegfarenda og tengingar við strætókerfið**.

2022-


Þróunaráætlun fyrir Gömlu höfnina

- Verkís, Arkís, KPMG og Landhönnun unnu tillögur fyrir **framtiðaruppbyggingu** svæðisins.
- Lögð áhersla á **sjálfbærni**, **aukið aðgengi** og **sambættingu atvinnulífs** og ferðapjónustu.
- Mikilvægt að **tryggja áframhaldandi starfsemi hafnsækinna** fyrirtækja meðan **svæðið þróast** sem **ferðamannastaður**.

Sýnileiki áfangastaðarins á netinu og upplifun ferðamanna



Birtingamynd Grandans / Grandi harbor district á Google



Áberandi einkenni:

- Myndir af skipum, höfn og iðnaði eru ríkjandi.
- Ný þróun og ferðapjónusta sjást einnig.
- Loftmyndir sýna stærð svæðisins en skortir tengingu við upplifanir.

Skortur á samræmi og ímynd:

- Enginn skýr sjónrænn stíll eða „rauður þráður“.
- Svæðið birtist bæði sem hafnar- og ferðamannasvæði án skýrrar sérstöðu.

Skortur á sterkri stefnu sem hægt er að byggja á til að laða að gesti allt árið.

Tillögur til að styrkja birtingarmynd Grandans


Skýrari nafn og staðarauðkenni

- Velja og festa í sessi eitt nafn: „Grandi“, „Grandinn“ eða „Grandi District“ – mikilvægt að öll markaðssetning, skilti og efni noti sama nafnið.
- Hönnun á auðkenni (visual identity): Hlutlaus og nútímaleg lógóhönnun sem tengist hafnarsvæðinu, iðnaðarsögu og listum.

Samræmd markaðssetning

- Stafrænt markaðsefni þarf að tala sama tungumál: heimasíður, samfélagsmiðlar, kort og skilti með upplýsingum.
- Miðla sögu svæðisins: Slippurinn, iðnaðurinn, saga hafnarinnar.

Birtingamynd Gömlu hafnarinnar á Google



Litur og andi svæðisins:

- Áberandi margir litir á húsum, sérstaklega túrkís/blágrænir litir á gömlum vöruhúsum.
- Rauð hús (t.d. Old Harbour House) koma einnig oft fyrir og mynda ákveðinn þráð.

Höfnin og sjórinn:

- Bátar, bryggjur og sjór eru nær undantekningarlaus hluti af myndunum.
- Ljósið og veðrið spila stórt hlutverk í andrúmsloftinu (oft bjart og ferskt, stundum kyrrð og skýjað).

Helstu kennileiti:

- Harpa sést í sumum myndum og vísar þannig til tengingar við miðbæinn.
- Fjöllin í bakgrunni skapa ramma og staðsetningu.

Ferðamennska og þjónusta:

- Myndir af veitingastöðum, hvalaskoðunarbátum og markaðsstemningu.
- Old Harbour House, Lobster House o.fl. koma fyrir sem hluti af upplifuninni.

Tillögur til að styrkja birtingarmynd Gömlu hafnarinnar

Samræmd birtingarmynd og „þráður“

- Það vantar skýrari sjónrænan þráð í birtingarmyndina. Áhersla mætti vera á túrkís/blágræna og rauða tóna sem einkenna svæðið og skapa þannig sterkari auðkenni.

Betri nýting ljósmynda sem sýna andrúmsloft

- Ljósmyndir ættu að sýna bæði líflegt og rólegt andrúmsloft svæðisins – með sjónum, bátum, bryggjum og fjöllum í bakgrunni. Draga fram árstíðir og birtu sem einkenna hafnarsvæðið.

Skýrari tenging við miðbæ og helstu kennileiti

- Nota Hörpu, Esjuna og önnur þekkt kennileiti oftar í myndum til að styrkja staðsetninguna og tenginguna við borgina.


Sýna meiri mannlíf og upplifun

- Myndir og efni ættu að leggja meiri áherslu á upplifun gesta – gönguferðir, matarupplifanir, hvalaskoðun og menningu – fremur en eingöngu byggingar eða bátar.



Greining á samfélagsmiðlum og leitarniðurstöðum sýnir að „Old Harbour Reykjavik“ er mun sýnilegra og þekktara meðal ferðamanna en „Grandi“ eða „Grandinn“. Myllumerki eins og #reykjavikharbour eru með yfir 5.000 færslur á Instagram, en leitarniðurstöður fyrir „Grandi“ gefa fáar niðurstöður. „Gamla höfnin“ er líka betur þekkt sem ferðamannasvæði þótt samfélagsmiðlanotkun sé takmörkuð.

Tækifæri eru til að styrkja stafræna nærveru og sameina miðlun fyrir Granda og Gömlu höfnina sem eitt svæði.



Search

#gamlahöfnin

#gamlahöfnin
Fewer than 100 posts

#gamlahofnin
Fewer than 100 posts

#gamlahöfninreykjavik
Fewer than 100 posts

#reykjavikharbour

#reykjavikharbour
5000+ posts

#reykjavikharbour
100+ posts

#reykjavikharbourvillage
Fewer than 100 posts

#reykjavikharbouriceland
Fewer than 100 posts

#reykjavikharbour 🇮🇸 🌊 ❄️
Fewer than 100 posts

#grandiharbour

#grandiharbour
Fewer than 100 posts

#grandiharbourdistrict
Fewer than 100 posts

Reviews

Reviews aren't verified

Google
4.6/5 5 reviews

+ Add a review

Denise Brown
Review from Google
5/5 7 months ago
A beautiful old harbour with a range of food places to stop at. Worth the stroll along and stop along the way....More

Christian Rosenberger
Review from Google
5/5 2 years ago
Schöner Hafen, den man wunderbar zu Fuß erkunden kann. Mehrere Cafés und Restaurants säumen den Bereich. Außerdem gibt es Anbieter für verschiedene Aktivitäten wie Whale Watching....More

Kristine Kramirovska
Review from Google



Grandi
4.6 (5)
Historical landmark in Reykjavik
Website Directions Reviews
Save Share Call

Located in: Iceland Ocean Cluster
Address: Grandagarður 16, 101 Reykjavik
Get there: 14 min
Phone: 577 6200
Hours: Open 24 hours
Suggest an edit · Own this business?

Grandinn

Filter Results

- All Results
- Destinations
- Hotels
- Things to Do
- Restaurants
- Vacation Rentals
- Airlines
- Forums

Showing results near Reykjavik.
Search instead for "Grandinn" worldwide

Search results matching "Grandinn"



HOTEL
Grand-Inn Bar And Bed
5.0 (7 reviews)
Saudarkrokur, Iceland

2 mentions of Grandinn
"...My husband and I loved our stay in the Grand-Inn..."

Sýnileiki Gömlu hafnarinnar og Grandans á netinu

	Notkun á netinu	Þekkt meðal ferðamanna	Þekkt meðal Íslendinga	Tillögur að úrbótum
Gamla höfnin	Nefnd á mörgum ferðavefum (Tripadvisor, Guide to Iceland, blogg). “ Old Harbour Reykjavik ” skilar yfir 1,000,000 niðurstöðum og tengist veitingastöðum, hvalaskoðun o.fl.	Já – algengt í ferðabloggum og á ferðasíðum sem sjarmerandi svæði með góðum mat og afþreyingu.	Já – þekkt sem ferðamannasvæði með hvalaskoðun, veitingastöðum o.fl., þó ekki alltaf notað sem hverfisnafn.	- Styrkja notkun á sameiginlegu nafni (t.d. „Gamla höfnin og Grandi“) á upplýsingaskiltum og kortum. - Leggja áherslu á sögu svæðisins og skapa heildræna ímynd með leiðarkerfum og upplýsingamiðlun.
Grandinn	“ Grandi Reykjavik ” og “ Grandi (Harbour) District ” skila færri niðurstöðum. Tengist helst Mathöll, hönnun og menningu. Notað meira í borgarskipulagi en hjá ferðamönnum.	Ekki sérstaklega – þarf útskýringu og samhengi. Minna þekkt sem áfangastaður fyrir erlenda ferðamenn.	Já – vel þekkt innanlands. Grandi Mathöll, listasýningar og verslanir vinsælt meðal Íslendinga.	- Þróa skýra og sýnilega ímynd fyrir Grandann sem áhugaverðan áfangastað (t.d. gegnum vegglist, QR kóða, kort og leiðarvísa). - Betri merkingar og gönguleiðir sem tengja Gömlu höfnina og Grandann sem eitt ferðamannasvæði.

Upplifun ferðamanna af svæðinu

Til að fá betri innsýn í upplifun ferðamanna af svæðinu var rætt við nokkra ferðamenn og kannað hvað þeir væru að gera á svæðinu og hvernig þeir upplifðu það.

HVAÐ DRÓ ÞAU AÐ SVÆÐINU?

- Komu til að fara í ákveðna afþreyingu
- Áhugi á svæðinu (skapandi og öðruvísi svæði, svolítið annað en miðbærinn)
- Verslun

HVAÐ OLLI RUGLINGI EÐA VANTAÐI?

Öll nefndu skort á skýrleika og merkingum:

- Hvað er inni í húsunum?
- Hvert á að fara?
- Hvað er opið?
- Hvernig kemst ég að svæðinu / frá svæðinu með almenningssamgöngum?

HVERNIG VAR UPPLIFUNIN OG HVAÐ MÆTTI BÆTA?

Gestir voru almennt ánægðir með andrúmsloftið – blanda af gömlu og nýju, líf og fjölbreytni.


Það mætti efla kynningu á svæðinu með:

- Betri upplýsingaskiltum og kortum
- Skýrari aðkomu
- Sýnilegum merkingum um hvað er að finna í hverri byggingu

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Vinnustofa

- Niðurstöður úr Mentimeter
- Niðurstöður úr hópavinnu
- Sjónræn framsetning á helstu hugmyndum



Vinnustofa með hagaðilum


Vinnustofa með hagaðilum var haldin 19. mars 2025 í Sjávarklasnum sem hluti af samráðs- og stefnumótunarferlinu. Markmið vinnustofunnar var að heyra raddir hagaðila og vinna sameiginlegar hugmyndir um hvernig mætti efla áfangastaðinn Gömlu höfnina og Grandann.

Boðað var samkvæmt hagaðilagreiningu sem verkefnahópurinn vann. Alls mættu 34 fulltrúar frá ólíkum aðilum og tóku virkan þátt í umræðum.


Vinnustofan hófst með kynningu á verkefninu frá Markaðsstofunni og framsöguerindi frá Sjómannadagsráði. Í framhaldi var notast við tvær aðferðir til að virkja þátttakendur og vinna hugmyndir. Fyrst voru þátttakendur beðnir um að svara spurningum í gegnum Mentimeter. Eftir það var þátttakendum skipt í hópa og fengu allir hóparnir spurningar til að ræða sín á milli.

Hagaðilar sem komu á vinnustofuna

- Agnes Ársælsdóttir, Nýlistasafnið
- Ágúst Elvar Bjarnason, Samtök ferðapjónustunnar
- Andri Kristjánsson, Icelandia
- Anna Sigurðardóttir, Exeter hotel
- Ari Jafetsson, Blue Car Rental
- Ariel Pétursson, Sjómannadagsráð
- Ásbjörn Jónsson, Elding
- Ásta María Marinósdóttir, Special Tours
- Ásthildur Embla Friðgeirsdóttir, Heimar
- Atli Steinn Árnason, Reykjavíkurborg
- Barry Ward, the Reykjavík EDITION
- Birna Eggertsdóttir, íbúasamtök miðbæjarins
- Birna Guðmundsdóttir, Strætó
- Björg Jónsdóttir, Reykjavíkurborg
- Erna Rán Jóhannsdóttir, FlyOver Iceland
- Grétar Jónsson, Aurora Reykjavík
- Guðbrandur Benediktsson, Borgarsögusafn
- Guðrún Helga Stefánsdóttir, Borgarsögusafn
- Jón, Kopar restaurant
- Jón Heiðar Ragnheiðarson, Lava Show
- Júlía Helgadóttir, Sjávarklasinn / Grandi Mathöll
- Kamma Thordarson, Reykjavíkurborg
- Kristján Schram, Instrument
- Marteinn Briem, CityWalk
- Odda Júlía Snorradóttir, Nýlistasafnið
- Ólafur Melsted, Faxaflóahafnir
- Rannveig Grétarsdóttir, Elding
- Salóme Rósa Þorkelsdóttir, Reykjavíkurborg
- Sigríður H. Stefánsdóttir, Center Hotels
- Sigrún Tryggvadóttir, íbúasamtök miðbæjarins
- Sigurður Jökull Ólafsson, Faxaflóahafnir
- Sveinn Margeirsson, Brim
- Þór Sigfússon, Sjávarklasinn
- Þórður O. Þórðarson, Hið íslenska Reðasafn




Niðurstöður úr Mentimeter







Hvaða hópa ættum við að forgangsraða þegar við þróum Gömlu höfnina og Grandann?




Hvaða þættir gætu gert upplifun gesta betri?



Hverjar eru stærstu hrindranirnar fyrir skipulagða og sterka ferðapjónustu á svæðinu?



Niðurstöður úr hópavinnu



Hópavinna

Þátttakendum á vinnustofu var skipt niður í hópa og unnu með eftirfarandi spurningar:

- **Hvernig tryggjum við jákvæða upplifun fyrir gesti?**
- **Hvernig laðar svæðið að sér gesti allt árið?**
- **Hvernig komum við ferðamönnum þægilega og á öruggan máta um svæðið?**

Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr umræðunum ásamt sjónrænni framsetningu á helstu hugmyndunum sem fram komu. Fyrir sjónræna framsetningu var m.a. notast við gervigreind.

Samantekt: Hvernig tryggjum við jákvæða upplifun fyrir gesti?

Leiðsögn og upplýsingagjöf	Aðgengi og öryggi
• Skýr kort og leiðarvísar, bæði á staðnum og á netinu (QR kóðar, kort með gönguleiðum). • App eða vefsíða með upplýsingum um svæðið. • Litakóðun og skýr merking leiða og svæða.	• Betri lýsing – einkennandi ljósastaurar og öruggar gönguleiðir, sérstaklega við höfnina. • Skýr tenging við miðbæinn, strætó- og rútusamgöngur. • Samgöngur fyrir skemmtiferðaskipafarþega • Aðgengi að upplýsingum og almenningssrýmum – hugguleg og aðlaðandi svæði.
Umhverfi og ásýnd	Heildræn sýn og saga
• Snyrtileg svæði – regluleg þrif, mokstur og söltun. • Virkja ónotuð rými – minnka dauða punkta. • Almenningssrými sem eru ekki bara bílastæði eða innanhúss.	• Halda í söguna, menningu og iðnaðarsögu – t.d. Slippurinn og menningarminjar. • Tengja sögu, list og upplifun.

Samantekt: Hvernig laðar svæðið að sér gesti allt árið?


Menning og upplifun:	Hönnun og aðgengi:
• Sögu- og menningargöngur með matarupplifun. • Viðburðir allt árið – kvöldafþreying, ratleikir fyrir fjölskyldur, listaverk, skip og bátar sem sýningargripir.	• Hugguleg útisvæði með skýlum og útsýni – þarf ekki að eyða pening til að njóta. • Gera gönguleiðir meira lifandi og aðlaðandi, með góðum tengingum við söfn og þjónustu.
Kennileiti og sérstaða:	Íbúar og samfélag:
• Þróa sterkari „landmark“ á svæðinu. • Baujur, viti, skip – nota sem sjónræna leiðarvísa (sem varða leiðina) og segla.	• Virkja íbúa og starfsemi þeirra til að skapa líf og stemningu. • Áhersla á íslenska tungu og sérstöðu í markaðssetningu.

Samantekt: Hvernig komum við ferðamönnum þægilega og á öruggan máta um svæðið?

Samgöngur og leiðakerfi:	Upplýsingagjöf og öryggi:
• Kortleggja og merkja gönguleiðir. • Breikka gangstéttir, minnka akvegi. • Betri tenging hjólastíga um svæðið og útvíkka til stærra svæðis. • Göngubrú frá Grandanum yfir í Hörpu og skutlþjónusta á Grandann. • Siglingar frá Gömlu höfninni til Viðeyjar allt árið. • Entrance - hlið - aðgangur að svæðinu? Hvar byrjar svæðið?	• Skýr merking á því hvar má og má ekki fara – sérstaklega kringum höfnina. • Kort og leiðakerfi sem sýna fram á öruggar og skemmtilegar leiðir um svæðið.
Virgni og samþætting:	
• Sameina skemmtilega upplifun og hagnýtar upplýsingar. • Öruggar og skemmtilegar leiðir sem laða fólk að og styðja við önnur áherslusvæði.	

Sjónræn framsetning á helstu niðurstöðum

“Sense of place” - Innkomustaðir









Sjónræn framsetning á helstu niðurstöðum

Bætt flæði og upplýsingagjöf










Sjónræn framsetning á helstu niðurstöðum

Öryggi ferðamanna










GAMLA
HÖFNIN

ISKIÐ

Sjónræn framsetning á helstu niðurstöðum

Listaverk og seglar tengdir sögu svæðisins



GAMLA HÖFNIN



GRANDINN

GAMLA HÖFNIN




GRANDINN





Sjónræn framsetning á helstu niðurstöðum

Hugguleg almenningsrými








Sjónræn framsetning á helstu niðurstöðum

Virkja ónotuð rými og dauða punkta











MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Opinn fundur



Opinn fundur

Þann 4. júní var haldinn opinn fundur um verkefnið
“Áfangastaðurinn Gamla höfnin og Grandinn” í Sjávarklasnum.

Opni fundurinn var hluti af samráðs- og stefnumótunarferlinu.
Markmið fundarins var að upplýsa almenning um verkefnið og að
fá endurgjöf á verkefnið. Gestir fengu kynningu á verkefninu og
gátu síðan veitt endurgjöf í gegnum Mentimeter.
Samtals mættu 25 fundargestir.



Endurgjöf frá opnum fundi

Hver er heildarupplifun þín af þessari vinnu?



Endurgjöf frá opnum fundi

Hversu mikilvæg finnast þér eftirfarandi verkefni fyrir áfangastaðinn?



Endurgjöf frá opnum fundi

Hvaða hugmyndir / verkefni saknar þú að sjá fyrir áfangastaðinn?

Aðstöðu til að kopast á sjó	Aðstöðu fyrir kajak	Höfnin sem athafnasvæði	Nánara aðgengi að sjónum	Tengingu við sjóinn sjálfan, tengja gesti og haf	Jetski-leigu	Sögulega tevgingu, samband við nágrennið, samtali við íbúa	Tengja við vesturbæinn	Minni seglabáta	Fjöruborð
Tengingu við gamla hverfið	Aðstað fyrir móttöku siglandi	Pláss fyrir fólk ekki byggja fyrir útsýni	Siglingaklubb	Skólaskipið	Ekkert um vesturbugt.	Leiksvæði fyrir börn	Aðgengi að sjó	Atvinnustarfsemi og almenningssými	Siglingaklúbbs aðstaða, skólaskip
Hafnar"stræto"	Gamli Vesturbær er líka aðdráttarafl	Búid að skerma okkur frá nátturunni	Fleiri bekkir í skjóli	Árabáta	Aðstaða fyrir börn og unglinga. Dorgaðstaða	Meiri gróður	Gera slippinn fallegri, þar sem bátarnir fara í viðgerð. Alltof mikil hávaðamengun frá því.	Huggulegt húsnæði og góð aðstaða fyrir Brokey Siglingafélag Reykjavíkur. Sem er til söma til að taka á móti gesta skútur og staðið við loforð um aðstöðu fyrir íbúa Rvk til siglinga.	Fiskmarkað
Vesturvörin verði byggð upp sem íbúðarbyggð í tengslum við vesturbæinn	Siglingaklúbb	sauna og sjósundaðstaða	Slippur litill til aðgerð upp minni báta	Trillur	Bjarga Gullborginni	Vantar að sjá gomlu miðborgina frá sjó	Aðgengi að sjó	Byggingar skyggi ekki á útsýni til hafsins frá gamla bænum	Kaffihús, bar
Í siglingafélagi Reykjavíkur gæti verið fallegt kaffihús eða veitingarstaður.	Ferja í Viðey héðan?	veitingastaði	Hafnar leikvöllur sem var	Vil leggja meiri áherslu á sögu svæðisins og nýta Vesturbugt til þess. Falla frá deiliskipulagi í Vesturbugt og laða ferðamenn að því svæði. Grænt svæði.	Loka Airbnb svo íbúar RVK geti búið í borginni	Bekkir og skjólveggir og skýli fyrir vindi. Aðstaða fyrir börn	Betri tengingu við vatnið. Eins og í Köpen.		


Endurgjöf frá opnum fundi

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Útivist	Tengja við boðað skipulag	Brú milli vita myndi loka höfninni og er algjörlega órau hæft.	Sjávarútvegur sýnilegri	Græn svæði og opin svæði í þessum bæjarhluta eru takmörkuð, ath vel möguleikana her og gera í samhengi við hverfaskipulag	Vantar vindvarnir í Gömluhöfninni	Hver stendur á bak við þessa vinnu?	Mikilvægt að sé athafnarými fyrir hafnarstarfsemi	Nýbyggingar eyðileggi ekki tenginguna við gamla bæinn	Tala við starfsemi aðra en ferðapjónustu
Vinna með íbúum!!!!	Ferðamenn eru mjög spenntir fyrir Gullborgini	Mjög spennandi hugmyndir sem var varpað upp. Sérstaklega með að auka listina og gera svæðið meira aðlaðandi.	Aðstöðu til stangveiði	veitingastaðir, kaffihús	Höfnin sjálf og umferðin þar má vera meira aðlaðandi	Nýta sérstöðu svæðisins til að laða að almenning og ferðamenn	Vantar fiskibúð eins og í gamla daga	Trillur og dagróðrabáta	Þetta er allt svo hratt, fáum við fleiri tækifæri?;-)
Góð svæði fyrir barnabörnin	Fiskbúð!!!	Fiskmarkað	Tala við aðstandendur Söguleg höfn!!!	Sauna og böð a la Helskinki	Gera íbúum og gestum kleift að koma a bil og leggja	Tengja við borgarlínu	Klára gönguleið í kringum Örfirisey, brú yfir oliutankana!	tengja við borgarlínu	Sjón og göngu linur niður Bakkastíg og Bræðraborgarstíg
Gera vesturbugtina að safni af gömlum husum og batum	Meiri tengingu við sjóinn. A la Köben.	Delihús	Fjarlægja oliutankana af grandanum	Bílastæðahús	Verkefnahópa m íbúum, listafólki, fólki sem tengist siglingum og hafnar starfsemi	Breyta deiliskipulagi	Róló á Nýlendugötu getur tengst grænum svæðum alveg niður að sjó	Máluð gönguleiðin aftur frá Hörpu útá Granda	Göturnar her fyrir ofan bera nöfn tengd hafinu! Báru gata Ránargata Öldugata
Hvernig verður rússneska rettttrunaðakirkjan í þessu?	Hvernig búum við til skjól og sólarveggi? Innigarða..	Borgin við Sundin ath vel	Náttúrutengingin, er búið að tala við kennara sem sérhæfa sig í útikennslu?	Gera svæðið aðlaðandi fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Fjölskyldur eru ferðamenn heima hjá sér	Sigling um höfnina				

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Samantekt



Samantekt

Verkefnið um áfangastaðinn Gamla höfnin og Grandinn hefur varpað ljósi á sérstöðu svæðisins og tækifæri til að efla áfangastaðinn enn frekar. Hagaðilasamtalið leiddi í ljós að mikilvægt sé að huga að öryggi ferðamanna og tryggja aðgengi þeirra að svæðinu. Hugmyndir um betri merkingar og gönguleið um svæðið voru einnig áberandi í umræðunni. Jafnframt komu upp hugmyndir um hvernig megi styrkja áfangastaðinn með kennileitum og bættri nýtingu á almenningsrýmum.

Verkefnahópur mun halda áfram að starfa og forgangsraða hugmyndum að verkefnum sem hér hafa komið fram.



Útgefið af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Verkefnið er unnið í samstarfi við MH ráðgjöf

september 2025